

1996–97. – 1066 ár frá stofnun Alþingis.

121. löggjafarþing. – 409. mál.

## 982. Nefndarálit

um frv. til 1. um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands.

Frá 2. minni hluta efnahags- og viðskiptanefndar.

Frumvarp þetta er eitt fjögurra frumvarpa sem ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks flytur um breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins, þ.e. þeim hluta þess sem hið opinbera hefur yfir að segja. Hin þrjú eru frumvarp til laga um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf., frumvarp til laga um Nýsköpunarsjóð atvinnulífsins og frumvarp til laga um Lánasjóð landbúnaðarins. Er óhjákvæmilegt að fjalla að nokkru leyti um efni allra þessara frumvarpa samhengisins vegna.

Það sem mesta athygli vekur þegar ríkisstjórnin ræðst loks í breytingar á þessum mikilvægu fjármálastofnunum er hvaða leið er valin. Fyrir það fyrsta er ljóst að breytingarnar fela alls ekki í sér þá heildarendurskoðun og uppstokkun í þessum málum sem ýmsir höfðu átt von á. Valin er sú leið að breyta ríkisbönkunum, Landsbanka og Búnaðarbanka, í hlutafélög án nokkurra annarra breytinga á starfsemi þeirra. Frumvarpið um Fjárfestingarbanka atvinnulífsins hf. felur að vísu í sér sameiningu nokkurra fjárfestingarlánasjóða. Sú sameining er þannig að sjóðunum er í óbreyttu ástandi slengt saman í einn nýjan fjárfestingarbanka sem verður fimmti bankinn eða bankasamsteypan í landinu. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins er svo settur á fót með fjármunum sem teknir eru út úr sjóðunum, enda hafa viðkomandi sjóðir mjög sterka eiginfjárstöðu og eru í þeim skilningi vel aflögufærir um þetta framlag.

Ef fyrst er farið yfir helstu möguleika til uppstokkunar og hagræðingar í banka- og sjóðakerfinu í heild má nefna eftirfarandi:

1. Sameining ríkisviðskiptabankanna, Landsbankans og Búnaðarbankans, að einhverju eða öllu leyti í einn öflugan ríkisbanka. Þessari leið fylgja augljósir hagræðingarkostir og einu rökin sem færð hafa verið fram gegn henni eru að viðkomandi banki yrði of stór eining í íslenska fjármálaheiminum með yfir 50% af bankaviðskiptum. Á móti kemur að samkeppni frá margs konar fjármálastofnunum, verðbréfasjóðum, kaupleigufyrirtækjum og fleiri aðilum hefur stóraukist á undanförunum árum. Tryggingafélög og fleiri aðilar bjóða nú í fjármögnun á móti bönkunum og einnig gætir í vaxandi mæli aðhalds frá erlendum lánastofnunum a.m.k. hvað viðskipti við fyrirtæki varðar.

Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra hefur talið að áður en ráðist yrði í breytingar á ríkisviðskiptabönkunum væri einboðið að skoða hvaða hagræðingarmöguleikar væru því samfara að stokka ríkisviðskiptabankana upp og sameina þá. Ein möguleg útgáfa slíkrar sameiningar væri að bankarnir væru sameinaðir að hluta til, þ.e. að stokkuð yrðu upp útibú og búin til ein ríkisbanka- eða þjóðbankakeðja með þéttu útibúaneti um landið en í öðrum tilvikum gæti komið til greina að stuðla að því að til yrðu sparisjóðir þar sem þeir eru ekki fyrir. Þingflokkur Alþýðubandalagsins og óháðra flutti á síðasta þingi tillögu til þingsályktunar um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna og vísast til efnis hennar um frekari rökstuðning í þessu máli en þar kemur fram, og hefur endurtekið verið staðfest, að mjög miklir sparnaðar- og hagræðingarmöguleikar felist í því að

sameina ríkisviðskiptabankana. Möguleikar slíks banka til þjónustu við atvinnulíf og einstaklinga yrðu meiri en nú eru fyrir hendi. Þannig yrði til öflugur íslenskur aðili í því alþjóðafjármagnskerfi sem nú er í mótun.

2. Uppstokkun með sameiningu viðskiptabanka og sparisjóða og fjárfestingarlánasjóða. Mjög margt bendir til að sú aðferð að sameina fjárfestingarlánasjóðina í sérstakan fjárfestingarbanka sé tímaskekkja og vænlegra og meira í takt við þróun í fjármálaviðskiptum almennt væri að gera starfsemi fjárfestingarlánasjóðanna að eðlilegum hluta af umsvifum viðskiptabanka. Þetta gæti gerst annaðhvort með kaupum viðskiptabankanna á fjárfestingarlánasjóðunum eða með einhvers konar sameiningu opinberu fjárfestingarlánasjóðanna og ríkisviðskiptabankanna en sjálfsagt og eðlilegt hefði verið að hafa sparisjóðina og Íslandsbanka með í viðræðum um slíka uppstokkun.

Ríkisviðskiptabankarnir og sparisjóðirnir sendu bréf til ríkisstjórnar á sl. vetri þar sem þeir buðust til að kaupa fjárfestingarlánasjóðina og hefur efnahags- og viðskiptanefnd fengið afrit af því bréfi. Margt bendir til að slík uppstokkun hefði getað orðið báðum aðilum hagstæð, ríkinu sem hefði getað haldið eftir talsverðu af eigin fé sjóðanna en selt þá síðan til bankanna, og bönkunum vegna þess að með sameiningu þessarar starfsemi í stærri einingar sköpuðust miklir hagræðingarmöguleikar auk þess sem slíkur samruni hefði getað styrkt bankana verulega. Nærtæk dæmi eru umsvif Landsbankans annars vegar og Fiskveiðasjóðs hins vegar hvað varðar viðskipti við sjávarútveginn og þeir miklu hagræðingarmöguleikar sem falist gætu í samtengingu eða samþættingu þeirrar starfsemi.

3. Sala á fjárfestingarlánasjóðunum, hverjum í sínu lagi, hefði einnig getað komið til greina. Því hefur verið haldið fram í efnahags- og viðskiptanefnd að með ráðstöfun sjóðanna hvers fyrir sig hefði verðmæti þeirra orðið meira en með sameiningu og síðan endursölu á einhverjum hluta af eign ríkisins í sjóðunum eins og nú er áformað.

Ýmsa fleiri möguleika mætti tína til sem hefðu að nokkru leyti strax, en þó einkum og sér í lagi þegar frá liði, falið í sér verulega möguleika á hagræðingu og sparnaði og samkeppnishæfari starfsemi í íslenska banka- og sjóðakerfinu. Að sjálfsögðu er ljóst að vegna hagsmuna starfsfólks er nauðsynlegt að gefa slíkum breytingum rúman aðlögunartíma þannig að unnt sé að gera breytingar í starfsmannahaldi og hagræða án sársaukafullra uppsagnaraðgerða. Ef slíkar breytingar eru gerðar í nánú samráði við samtök starfsmanna í bönkunum og sjóðunum er engin ástæða til að ætla annað en að þær gætu á ákveðnu tímabili gengið yfir án umtalsverðra átaka eða vandræða og skilað mikilli hagræðingu.

Fyrirkomulag þessara breytinga er annar meginþáttur málsins sem óhjákvæmilegt er að minnst á. Ríkisstjórnin velur þá leið að breyta bönkunum í hlutafélög og ætlar viðskiptaráðherra að fara einum með allt forræði og skipan stjórnar. Þessi aðferð orkar að ýmsu leyti tvímælis. Mikið vald þjappast saman í viðskiptaráðuneytinu og má segja að valdasamþjöppun og opinber miðstýring í fjármálageiranum aukist til mikilla muna með þessum breytingum í stað þess að minnka eins og yfirlýstur tilgangur breytinganna hefur þó verið. Ljóst er að með hlutafjárnvæðingu og einkavæðingu fjölmargra mikilvægra opinberra fyrirtækja og nú fjármálastofnana er gífurlegt vald að safnast saman hjá iðnaðar- og viðskiptaráðherra. Þetta hefði að sjálfsögðu mátt koma í veg fyrir að nokkru leyti með því að setja sérstakar reglur um kosningu stjórnar eða bankaráðs svo lengi sem bankarnir væru að öllu leyti eða a.m.k. að verulegu leyti í eigu ríkisins. Annar möguleiki hefði verið að stofna sérstakt eignarhaldsfélag um eign ríkisins í bönkum og fjárfestingarlánasjóðum og kjósa því eignarhaldsfélagi síðan stjórn á Alþingi. Þriðji möguleikinn, sem ýmis-

legt mælir með, hefði verið að a.m.k. fleiri en einn ráðherra færu sameiginlega með eignarhlut ríkisins, t.d. fjármálaráðherra og viðskiptaráðherra, og tilnefndu fulltrúa í stjórn, hvor í sínu lagi eða kæmu sér saman um tilnefningar.

Annar minni hluti telur að sú valdasambjöppun og miðstýring sem felst í þessum breytingum sé afar óæskileg þróun og er því sérstaklega andvígur því fyrirkomulagi sem frumvörpin gera ráð fyrir að þessu leyti. Sama má segja um tilhögun undirbúnings að stofnun hlutafélaga um ríkisviðskiptabankana. Þar er gert ráð fyrir að viðskiptaráðherra skipi einn þriggja manna undirbúningsnefndir og ekki er gert ráð fyrir að Samband íslenskra bankamanna eða starfsmannafélag viðkomandi ríkisviðskiptabanka eigi aðild að þeirri nefndaskipan. Stjórnarliðar í efnahags- og viðskiptanefnd féllust ekki á að koma til móts við óskir starfsmanna að þessu leyti og hlýtur það að teljast mjög ámælisvert en er í anda þeirrar sérkennilegu starfsmannastefnu sem núverandi ríkisstjórn rekur, að gera allar breytingar af þessu tagi í stríði við starfsfólk.

Mikil vinna hefur farið í að reyna að meta verðmæti bankanna og hver væri eðlileg upphæð hlutafjár. Niðurstaða stjórnarliða í nefndinni er sú að fella brott úr frumvarpinu ákvæði um að heildarfjárhæð hlutafjár í hvorum hlutafélagsbankanum um sig skuli miðast við 75% af eigin fé bankanna og má segja að orkað geti tvímælis að binda sig endilega við það hlutfall, en í staðinn kemur að allt vald færist yfir til ráðherra í þessum efnum. Um er að ræða mikla fjármuni og miklir hagsmunir eru í húfi þannig að æskilegra hefði verið að hafa betri tíma til að athuga þetta ákvæði.

Þegar kemur að spurningu um sölu á eignarhlut ríkisins í bönkunum eða einkavæðingu bankanna mælir 2. minni hluti eindregið með því að þar sé farið mjög varlega í sakirnar verði af breytingu bankanna í hlutafélag á annað borð. Vissulega er jákvætt að skv. 6. gr. frumvarpsins yrði eingöngu heimilt að bjóða út nýtt hlutafé og samkvæmt því sem fram kemur í greinargerð er ekki ætlunin af hálfu núverandi ríkisstjórnar að standa að beinni sölu á eignarhlut ríkisins fyrstu fjögur árin. Öll ákvæði vantar hins vegar um það hvernig tryggja eigi að um dreifða eignaraðild verði að ræða þegar eða ef boðið verður út nýtt hlutafé eða nýir meðeigendur teknir inn á móti ríkinu. Í orði kveðnu er það vilji ríkisstjórnarinnar og meiri hluta nefndarinnar en þegar spurst var fyrir um tillögur í því sambandi var fát um svör. Er ljóst að ætlunin er að afgreiða málið án þess að ganga á nokkurn hátt frá því með hvaða hætti skuli tryggja að eignaraðild annarra en ríkisins, ef til kemur, verði dreifð. Við blasir sú hættu að einkavæðing bankanna verði enn einn atburðurinn er ýti undir sambjöppun fjármagns og valds í þjóðfélaginu, sem er ærin fyrir. Engum blöðum er um það að fletta að sú þróun væri afar óæskileg og stórslys ef eignarhald á fjármálastofnunum kæmist á komandi árum í hendur sömu aðila og þegar ráða fjölmörgum sviðum í íslensku viðskiptalífi í gegnum stór og öflug fákeppnis- eða einokunarfyrirtæki. Ákvæði sem tryggðu bæði hámarkseign einstakra aðila og tryggðu sem allra mesta dreifingu á nýju hlutafé þegar það yrði boðið út væri nauðsynlegt og eðlilegt að setja áður en heimildir yrðu veittar fyrir sölu. Óhjálvæmilegt er að átelja harðlega að svo skuli ekki gert.

Annar minni hluti hefur ítrekað lagt til í nefndinni að sett yrði ákvæði um að þegar hinir nýju hlutafélagsbankar tækju til starfa skyldi ráðinn einn aðalbankastjóri að hvorum um sig. Í þessu tilviki eins og í mörgum fleiri stangast á orð og frámar yfirlýsingar stjórnarflokkanna annars vegar og gjörðir hins vegar. Þrátt fyrir að stjórnarþingmenn hafi hver um annan þveran lýst þeirri skoðun sinni að aðeins einn bankastjóri eigi að starfa við hvorn banka, annað fyrirkomulag sé gamall arfur og tímaskekkja sem beri að útrýma,

eru þeir ófáanlegir til að ganga í lið með stjórnarandstöðunni og setja um það bindandi ákvæði inn í frumvarpið. Eðlilegt væri taka inn í lögin ákvæði um að þegar bankarnir hæfu starfsemi starfaði við þá einn aðalbankastjóri þó að síðan yrði það í valdi stjórnar nýju hlutafélaganna að ráða skipulagi á yfirstjórn fyrirtækjanna.

Síðast en ekki síst verður að átelja það harðlega að í meðförum nefndarinnar komu fram óskir frá Sambandi íslenskra bankamanna og frá starfsmannafélögum bankanna um ýmsar breytingar á frumvarpinu en fulltrúar stjórnarflokkanna í nefndinni völdu þann kost að taka ekki tillit til einnar einustu ábendingar eða koma til móts við eina einustu ósk frá starfsmönnum bankanna. Eru þær þó margar næsta sjálfsagðar og hógværar, eins og að starfsmönnum verði tryggð eðlileg aðild að undirbúningsferlinum varðandi stofnun nýju hlutafélaganna. Umsagnir Sambands íslenskra bankamanna og starfsmannafélaga bankanna eru birtar sem fylgiskjöl með nefndaráliti þessu ásamt tillögu þingflokks Alþýðubandalagsins og óháðra til þingsályktunar um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna.

Það er meginniðurstaða 2. minni hluta að frumvarpið sé alls ekki í samhengi við þá uppstokkun og hagræðingu í fjármálakerfinu sem það ætti að vera, auk þess sé það í sjálfu sér að ýmsu leyti gallað. Það sé því ótímabært að afgreiða það nú heldur beri að vísa því til ríkisstjórnarinnar og fela henni að standa fyrir vinnu á komandi mánuðum þar sem farið verði rækilega yfir alla þá kosti sem til greina koma varðandi breytingar á banka- og sjóðakerfi landsins. Slíka úttekt þarf að gera með hliðsjón af því hvernig staða íslenskra fjármálastofnana verði sterkust með tilliti til erlendrar samkeppni, hvernig möguleikar íslenskra stofnana til að veita fullnægjandi þjónustu á þessu sviði geti orðið sem mestir með hliðsjón af ört vaxandi alþjóðavæðingu íslensks atvinnulífs og hvernig unnt sé að ná slíkum breytingum fram í góðri sátt við starfsfólk bankanna. 2. minni hluti leggur því til að frumvarpinu verði **vísað til ríkisstjórnarinnar**. Til vara mun 2. minni hluti leggja fram breytingartillögur sem varða nokkur þau atriði sem hér hefur verið gerð grein fyrir og mundu hafa í för með sér nokkrar lagfæringar á frumvarpinu.

Alþingi, 18. apríl 1997.

Steingrímur J. Sigfússon.

**Fylgiskjal I.****Umsögn Sambands íslenskra bankamanna.  
(2. apríl 1997.)**

Samband íslenskra bankamanna, SÍB, gerir svofelldar athugasemdir við frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands:

2. gr.

SÍB fer fram á að einn fulltrúi starfsmanna verði skipaður í undirbúningsnefndir þær sem kveðið er á um í greininni. Í framhaldi af þessu er sett fram sú krafa að starfsmenn fái áheyrnarfulltrúa í bankaráð Landsbanka Íslands hf. og Búnaðarbanka Íslands hf. Þessi krafa er sett fram m.a. með hliðsjón af slíku fyrirkomulagi annars staðar á Norðurlöndum og víða í ríkjum Evrópusambandsins.

6. gr.

SÍB hefur margsinnis lýst áhyggjum sínum yfir því að við breytingu bankanna í hlutafélög skuli stefnt að því að auka hlutafé bankanna til sölu á almennum hlutabréfamarkaði. Vísast í því sambandi m.a. til ályktana aðalfunda starfsmannafélaga Landsbanka og Búnaðarbanka. SÍB ítrekar áhyggjur sínar í þessu sambandi.

SÍB álitur, að gefa verði hinum nýju hlutafélögum og starfsmönnum þeirra kost á að fóta sig á svonefndum samkeppnismarkaði, án íhlutunar utanaðkomandi aðila. Engu að síður fagnar SÍB því að ekki skuli eiga að selja hlutafé ríkisins í bönkunum nema með sérstöku samþykki Alþingis og þá í fyrsta lagi eftir fjögur ár.

Það er skoðun SÍB að ef af þeim áformum verður að auka eigið fé bankanna á næstunni, verði því farsællegast hrundið í framkvæmd með því að veita starfsmönnum og lífeyrissjóðum þeirra forkaupsrétt að hinu nýja hlutafé og að þeir njóti til þess sérkjara.

SÍB telur að með því fyrirkomulagi að bankarnir verði í fyrstu í eigu ríkisins, starfsmanna þeirra og lífeyrissjóðanna verði betur tryggt en ella að rekstarformsbreytingin skili þeim árangri sem að er stefnt og að áhrif starfsmanna á reksturinn verði til þess að styrkja rekstur bankanna við nýjar aðstæður.

8. gr.

Greinin orðist svo: “Allir starfsmenn Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands, sem taka laun samkvæmt kjarasamningum Sambands íslenskra bankamanna eða kjarasamningum annarra stéttarféлага, skulu eiga kost á sama starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum. Nú tekur maður, sem áður gegndi starfi hjá Landsbanka Íslands eða Búnaðarbanka Íslands, við starfi hjá Landsbanka Íslands hf. eða Búnaðarbanka Íslands hf. og skal hann þá njóta allra sömu launa og réttinda og hann áður hafði. Réttur hans til launa hjá Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands fellur niður er hann tekur við starfinu.”

10. gr.

Greinin falli niður, þar eð hún er óþörf. Réttindi starfsmanna sem greinin kveður á um eru tryggð skv. 8. gr.

11. gr.

Í tillögum að breytingum á reglugerðum lífeyrissjóða starfsmanna Landsbanka annars vegar og Búnaðarbanka hins vegar er gert ráð fyrir að ríkisábyrgð og ábyrgð bankanna á eftirlaunum falla niður. Þessi atriði hafa valdið mestri umræðu meðal starfsmanna, þar sem engin boð hafa komið um bætur til sjóðanna fyrir niðurfellingu ábyrgðarinnar. SÍB vill ítreka þau sjónarmið samtakanna, sem fram hafa komið í viðræðum þeirra við viðskiptaráðherra, um að þegar reglugerðum lífeyrissjóða starfsmanna ríkisbankanna verður breytt, og ríkisábyrgð hugsanlega felld niður, þá leggi ríkið fram fjárhæð í stað bakábyrgðar. Þessi framkvæmd gæti m.a. verið fólgin í því að sjóðirnir fengju einhvern hluta af hlutafé ríkisins í bönkunum. Starfsmenn líta á bakábyrgð vegna lífeyrissjóðanna sem dýrmæt réttindi, sem þeir vilja ekki láta af hendi endurgjaldslaust.

Virðingarfyllt,  
Samband íslenskra bankamanna.

*Vilhelm G. Kristinsson framkvæmdastjóri.*

**Fylgiskjal II.****Umsögn Starfsmannafélags Landsbankans.**  
(26. mars 1997.)

Stjórn Félags starfsmanna Landsbanka Íslands (FSLÍ) ályktar eftirfarandi varðandi frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga um L.Í. og B.Í.:

1. 6. gr. frumvarpsins.  
Að tryggð verði dreifð eignaraðild að bankanum við sölu hlutabréfa.
2. 6. gr. frumvarpsins.  
Að tryggt verði að starfsfólk L.Í. geti keypt hlutabréf í bankanum á hagstæðum kjörum.
3. 11. gr. frumvarpsins.  
Að tryggt verði að Eftirlaunasjóði starfsmanna Landsbanka og Seðlabanka verði bætt brottfall ríkisábyrgðar með hlutabréfum í Landsbanka Íslands hf.
4. 2. gr. frumvarpsins.  
Að tryggt verði að starfsmenn L.Í. hafi einn fulltrúa í undirbúningsnefnd sem ætlað er að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags um ríkisviðskiptabanka. Enda komi starf nefndanna inn á mál er varða hagsmuni starfsmanna.

(tilv. til 2. gr.)

"nefndirnar annast undirbúning löggerninga er varðar stofnun hlutafélagsbankanna og fyrirhugaða starfsemi " þeirra.

Í athugasemdum við greinina kemur fram eftirfarandi.: Þá er það eftir atvikum hlutverk nefndanna að tryggja að yfirfærsla á starfsmönnum verði með þeim hætti sem greinir í 8. gr. frumvarpsins. Það fellur undir starfssvið nefndanna að huga að og leggja fram drög að skipuriti fyrir yfirstjórn bankanna.

5. 8. gr. frumvarpsins.

(tilv. í 8. gr.)

"skulu eiga kost á sambærilegu starfi hjá L.Í. eða B.Í. hf. við yfirtöku þeirra á ríkisviðskiptabönkunum."

Hugtakið "sambærilegt starf" tryggir ekki starfsmanni sama starf skv. athugasemdum við 8. gr. í greinagerðinni með frumvarpinu. Þar er endurtekið að starfsmenn skuli eiga kost á sambærilegu starfi.

Í athugasemdum við frumvarp til laga um stofnun hlutafélags um Sildarverksmiðjur ríkisins, segir um sama texta frumvarpsins (7. gr.) að greininni sé ætlað að tryggja fóstum starfsmönnum SR. sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess og þeir gegna nú. Með framangreint í huga er það krafa FSLÍ. að tekið verði af skarið um að starfsmönnum bankans verði tryggð sömu störf hjá nýja félaginu við stofnun þess

Það er í fyrstu aðeins verið að breyta rekstrarformi fyrirtækisins. Sami eignaraðili mun stjórna því og starfsemin verður í fyrstu óbreytt. Við sjáum engin rök mæla með því að breyta starfsskyldum þeirra sem hér starfa aðeins úr af formbreytingunni. Breytingar á starfskjörum ráðast af ákvæðum kjarasamninga og ættu ekki að afgreiðast af hinu háa Alþingi um leið og ný lög fjalla um breytingu á rekstrarformi bankans.

Stjórn FSLÍ áréttar ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 27. febrúar s.l. sem þegar hefur verið send viðskiptaráðherra. (sjá meðf.)

Með vinsemd og virðingu,  
f.h. stjórnar FSLÍ,

*Þórunn K. Þorsteinsdóttir* formaður,  
*Ingveldur Ingólfssdóttir* varaformaður.



**Fylgiskjal III.****Umsögn Starfsmannafélags Búnaðarbankans.  
(7. apríl 1997.)**

Stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands ályktar eftirfarandi varðandi frumvarp til laga um stofnun hlutafélaga Landsbanka Íslands og Búnaðarbanka Íslands:

1. 6. gr. frumvarpsins  
Að tryggð verði dreifð eignaraðild að bankanum við sölu hlutabréfa.
2. 6. gr. frumvarpsins  
Að tryggt verði að starfsfólk Búnaðarbanka Íslands geti keypt hlutabréf í bankanum á hagstæðum kjörum.
3. 11. gr. frumvarpsins  
Að tryggt verði að Eftirlaunasjóði starfsmanna Búnaðarbanka Íslands verði bætt brottfall ríkisábyrgðar með hlutabréfum í Búnaðarbanka Íslands hf.
4. 2. gr. frumvarpsins  
Að tryggt verði að starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hafi einn fulltrúa í undirbúningsnefnd sem ætlað er að annast undirbúning og nauðsynlegar aðgerðir vegna stofnunar hlutafélags um ríkisviðskiptabanka, enda komi starf nefndarinnar inn á mál er varða hagsmuni starfsmanna.
5. 8. gr. frumvarpsins  
Að tryggt verði að starfsmenn Búnaðarbanka Íslands hljóti sama starf hjá Búnaðarbanka Íslands hf. Í frumvarpinu og greinargerð með því er talað um sambærilegt starf eftir rekstrarformsbreytinguna sem er ekki trygging fyrir sama stafi.

Stjórn Starfsmannafélags Búnaðarbanka Íslands áréttar einnig ályktun þá sem samþykkt var á aðalfundi félagsins þann 25. febrúar síðastliðinn sem þegar hefur verið send viðskiptaráðherra.

*Anna Rósa Jóhannsdóttir* formaður,  
*Ragnheiður S. Dagsdóttir* varaformaður.

**Fylgiskjal IV.****Þingsályktunartillaga þingflokks Alþýðubandalags og óháðra um könnun á sameiningu ríkisviðskiptabankanna.**

(Þskj. 788, 455. mál 120. löggjafarþings.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að kanna sérstaklega sameiningu ríkisviðskiptabankanna í einn viðskiptabanka. Ríkisstjórnin skili skýrslu og tillögum um þetta efni til Alþingis haustið 1996.

Markmið sameiningar bankanna verði:

- a. að spara verulega í rekstri bankanna frá því sem nú er,
- b. að bæta stjórnkerfi bankanna þannig að þátttaka ríkisins í rekstri viðskiptabanka skili þjófðarbúinu sem mestum árangri,
- c. að eign þjófðarinnar í ríkisviðskiptabönkunum tveimur skili sem mestri hagkvæmni út frá hagsmunum eigenda bankanna,
- d. að tryggja og auka möguleika viðskiptabanka til þjónustu við atvinnulíf og einstaklinga hér á landi og
- e. að skapa öflugan íslenskan aðila í því alþjóðlega fjármagnskerfi sem nú er í mótun.

**Greinargerð.**

Þessi tillaga er flutt í framhaldi af umræðum á Alþingi fyrir nokkru og í kjölfar samþykpta og yfirlýsinga Alþýðubandalagsins. Í tillögunni er ekki tekin afstaða til rekstrarforms ríkisviðskiptabankanna, en lagt er til að hagkvæmni við sameiningu bankanna verði könnuð sérstaklega. Í tillögunni er vísað til fimm atriða sem könnuð verði.

Það er skoðun flutningsmanna að nægileg samkeppni yrði í starfsemi viðskiptabankanna hér á landi þótt af sameiningu bankanna tveggja yrði. Aðalatriðið er að hér starfi sterkur íslenskur banki sem hefur í fullu tré við erlenda banka sem sjálfsagt munu hasla sér völl hér á landi í vaxandi mæli á komandi árum.

Í ræðu sinni á ársfundi Landsbankans nýverið mælti formaður bankastjórnar fyrir sameiningu ríkisbankanna. Kafli úr ræðu hans er birtur sem fylgiskjal með tillögunni.

*Fskj.*

**SAMEINING RÍKISBANKA.****Kafli úr ræðu Björgvins Vilmundarsonar formanns bankastjórnar Landsbankans.**

(8. mars 1996.)

Í aðhalds- og hagræðingaraðgerðum síðustu ára í Landsbankanum hefur náðst sýnilegur árangur sem kemur fram í verulegri fækkun starfsmanna og lækkun annars rekstrar-kostnaðar. Það er þó skoðun bankastjórnar að við óbreytt rekstrarumhverfi verði ekki gengið mikið lengra í niðurskurði kostnaðar án þess að það fari að bitna á þjónustu við viðskiptamenn og samkeppnisstöðu bankans.

Í þjófðfélagsumræðu síðustu missira hefur breyting á ríkisviðskiptabönkunum í hlutafé-lög og síðar hugsanleg sala þeirra verið hvað mest áberandi. Ég tel hins vegar nauðsyn-

legt að í þeirri umræðu og ákvarðanatöku verði sérstaklega horft til þess með hvaða hætti við getum best náð fram hagræðingu og endurskipulagningu í bankakerfinu út frá sjónarmiðum eigenda ríkisviðskiptabankanna og fólksins í landinu, ekki síst ef slíkt getur skilað hinum sameiginlega sjóði landsmanna, ríkissjóði, betra verði fyrir bankana við sölu þeirra.

Það er vissulega skref í þá átt að jafna samkeppnisstöðu bankanna að breyta ríkisviðskiptabönkunum í hlutafélög og því ber að fagna, en sú breyting ein og sér skilar að mínum dómi ekki þeirri hagræðingu í bankakerfinu sem nauðsynleg er. Slík hagræðing í íslenska bankakerfinu næst ekki nema saman fari sala og/eða sameining ríkisviðskiptabankanna við aðra banka og/eða fjármálastofnanir. Bönkunum þarf að fækka og það þarf að hagræða í rekstri þeirra þannig að þeir séu betur í stakk búnir til að takast á við breyttar aðstæður á þessum markaði og mæta vaxandi samkeppni frá aðilum sem geta boðið lánsfé og þjónustu á lægra verði, þar með talda vexti, á grundvelli minni tilkostnaðar við rekstur sinn.

Það hlýtur líka að vera skylda okkar sem stöndum í fyrirsvari innan íslenska bankakerfisins að sjá til þess að hér á landi verði til, eftir slíka uppstokkun, banki sem er nógu stór og öflugur til að geta veitt stórum innlendum fyrirtækjum og stofnunum eðlilega bankafyrirgreiðslu á sanngjörnu og samkeppnishæfu verði. Ríkisviðskiptabankarnir hafa í gegnum árin byggst upp sem þjónustufyrirtæki með það fyrir augum að veita atvinnufyrirtækjum, opinberum stofnunum og einstaklingum sem viðtækasta bankaþjónustu og þá sem víðast um landið. Það fyrirkomulag að reka mörg útibú dreift um landið er kostnaðarsamt og það sparifé sem þar er veitt viðtaka og ávaxtað verður því dýrt útlánafé. Vextir af því þurfa auk ávöxtunar til eigenda sparifjárins að skila bönkunum vaxtamun til að mæta rekstrarkostnaði. Landsmenn, og þá ekki síst fólk á landsbyggðinni, hljóta að spyrja sig hvort það sé æskileg þróun að verulega dragi úr bankaþjónustu á landsbyggðinni. Eg tel að gæta verði að þessu við endurskipulagningu á bankakerfinu.

En hvernig verður þessum markmiðum náð og er hægt að ná þeim öllum í senn með einhverri einni aðgerð? Ég er þeirrar skoðunar að það sé unnt og þá með því að sameina ríkisviðskiptabankana, Búnaðarbanka Íslands og Landsbanka Íslands, í einn öflugan banka. Með því næst fram sú hagræðing í bankakerfinu sem ítrekað hefur verið rætt um og nauðsynlegt er að verði að raunveruleika samhliða því að til verður stór og öflugur banki sem getur sinnt þörfum einstaklinga og íslensks atvinnulífs hvar sem er á landinu. Það er einfaldlega staðreynd sem blasir við að skipulag útibúa og aðalstöðva Landsbankans og Búnaðarbankans er með þeim hætti að ná má fram verulegri hagræðingu með sameiningu og þar með fækkun útibúa þessara banka án þess að það skerði þá þjónustu sem veitt er. Eg tel ekki fjarri lagi að sameining ríkisviðskiptabankanna mundi skila allt að 1 milljarði króna á ári í lægri rekstrarkostnaði miðað við núverandi rekstrarkostnað beggja bankanna. Þar vegur þungt fækkun útibúa og afgangslustaða með sameiningu, en ætla má að loka mætti einum 18 útibúum og afgangslustöðum án þess að þjónusta yrði skert. Þá mundi einnig nást verulegur sparnaður með sameiningu höfuðstöðva bankanna.

Þær gagnrýnisraddir heyrast að með sameiningu ríkisviðskiptabankanna yrði til alltof stór aðili á íslenskum fjármálamarkaði og ekki næðist jöfnuður í samkeppnisstöðu aðila á þessum markaði. Víst er að slíkur sameinaður banki yrði stórt fyrirtæki á íslenskan mælikvarða, en slíkur banki væri ekki stór í því fjölþjóðlega umhverfi sem Ísland er að verða hluti af. Fjármála- og bankaþjónusta er starfsemi sem í vaxandi mæli byggist á fjarskiptatækni og vélrænni starfsemi. Ísland verður innan skamms hluti af hinum fjöl-

þjóðlega markaði á þessu sviði. Menn þurfa því að taka afstöðu til þess hvort þeir kjósa að áfram verði til öflugur innlendur banki sem er tilbúinn að takast á við gjörbreyttar aðstæður á þessum markaði. Það var á sínum tíma hluti af sjálfstæðisbaráttu þjóðarinnar að byggja upp innlenda banka og nú þurfa landsmenn að taka afstöðu til þess hvort þeir vilja áfram tryggja þann þátt sjálfstæðis þjóðarinnar.